

Föstudaginn 6. apríl 1962.

Nr. 133/1961. **Laufey Guðmundsdóttir**

(Lúðvík Gizurarson hdl.)

gegn

Kristjáni Kristóferssyni og Þóru

Valdemarsdóttur (Jón Hjaltason hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Um umráð barns.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmanna-
eyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi,
skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1961.
Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi
felldur og lagt fyrir fógeta að fá henni í hendur umráð
drengsins Kristjáns Þórs Valdemarssonar. Þá krefst hún
og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæsta-
rétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og
málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar fógeta hafa nokkur ný
gögn verið lögð fram í málinu. Þeirra á meðal er ýtarleg
greinar- og álitserð Barnaverndarráðs Íslands, dags. 2. þ.
m. Segir þar m. a.: „Barnaverndarráð hefur talið móð-
urina þess umkomna að taka á móti barninu og hafa það
hjá sér. Barnaverndarráð hefur á hinn bóginn litið þannig
á frá upphafi afskipta þess af þessu máli, að mjög sé árið-
andi, að móðir og barn kynnist náð hvort öðru, áður en
verustaðaskipti barnsins færu fram, og einnig, að breytingin
geti orðið með fullum friði.

Nú hefur hvorugt þessara skilyrða verið unnt að upp-
fylla, og með tilliti til þess, hve barnið hefur nú dvalið
lengi hjá föðurforeldrum sínum og sérstaklega til álits sál-
fræðings í málinu, telur Barnaverndarráð eigi rétt að leggja

til, að barnið verði tekið burt af heimili föðurforeldra með valdbeitingu. Barnaverndarráð leggur á hinn bóginn áherzlu á, að móðirin fái óhindraðan umgengnisrétt við barnið á heimili fösturforeldranna og að fösturforeldrarnir stuðli að því eftir getu, að samband móður og barns verði eins eðlilegt og náð og við verður komið“

Eins og greinir í úrskurði fógeta, er viðurkennt, enda og stutt öðrum gögnum, að drengurinn Kristján Þór nýtur hins bezta atlætis hjá föðurforeldrum sínum, stefndu, sem eru um sextugt, en hjá þeim hefur drengurinn dvalizt óslitið frá 14 mánaða aldri. Með vísan til framangreinds álits Barnaverndarráðs, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1947 og 54. gr. laga nr. 29/1947, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykja eigi að svo stöddu efni til að taka kröfu áfrýjanda til greina. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Lúðviks Gizurarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 15. júní 1961.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 30. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Laufey Guðmundsdóttir, Melhaga 16, Reykjavík, með beiðni, dags. 3. júní 1960, krafizt þess, að henni verði með beinni fógetergerð fengin umráð sonar hennar, Kristjáns Þórs Valdemarssonar, sem nú dvelur á heimili gerðarpóla, Kristjáns Kristóferssonar húsgagnabólstrara og konu hans, Þóru Valdemarsdóttur, Kirkjubóli, Vestmannaeyjum, en þau eru afi og amma drengsins, sem er sonur Valdemars Kristjánssonar hús-

gagnasmiðs, sonar gerðarpóla. Drengurinn er óskilgetinn.

Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar.

Gerðarpólar hafa gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og þeim úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

Gerðarpólar kröfðust þess í upphafi málsins, að málinu yrði vísað frá fógætadóminum, og var samkomulag um það að flytja frávísunarkröfuna sérstaklega og fá úrskurð um hana, áður en efnishlið málsins yrði tekin til meðferðar. Úrskurður um frávísunarkröfuna var kveðinn upp 25. maí s.l. á þann veg, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina.

Fógeti leitaði sátta, en sáttatilraun var árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Þann 11. apríl 1955 ól gerðarbeiðandi, sem er ógift, sveinbarn, sem skírt var Kristján Þór. Föður að barninu lýsti hún Valdemar Kristjánsson húsgagnasmið í Vestmannaeyjum, en hann er sonur gerðarpóla, og gekkst hann við faðerninu. Í júní 1956 fór gerðarbeiðandi með drenginn til Vestmannaeyja og kom honum í fóstur hjá gerðarpólum um sumarið, þar eð gerðarbeiðandi hafði ráðið sig sem matsvein á síldarbat. Um haustið ætlaði gerðarbeiðandi að sækja drenginn, en þar sem hún hafði eigi hentugt húsnæði um þessar mundir, varð það að ráði, að drengurinn yrði kyrr hjá gerðarpólum. Gerðarbeiðandi virðist hafa ráðgert nokkrum sinnum árið 1957 að taka drenginn til sín, og heimsótti hún drenginn nokkrum sinum, en niðurstaðan varð ávallt sú, að drengurinn varð kyrr hjá gerðarpólum. Þann 19. nóvember 1957 skrifaði gerðarbeiðandi gerðarpóla Kristjáni, þar sem hún tilkynnir honum, að hún sé staðráðin í að taka drenginn til sín, og tekur fram, að hún telji sig nú hafa aðstöðu til þess að veita honum það uppeldi, sem með þarf. Í desember 1957 hringdi systir gerðarbeiðanda til gerðarpóla og sagði þeim, að gerðarbeiðandi ætlaði að taka drenginn til sín fyrir jól. Gerðarpoli Kristján kveðst hafa sagt systur gerðarbeiðanda, að drengurinn væri sjúkur og því ekki ferðafær. Gerðarbeiðandi segir hins vegar, að gerðarpólar hafi neitað að fá henni umráð drengsins, þegar gerðarbeiðandi hugðist fara til Vestmannaeyja í árslok 1957 til þess að sækja drenginn. Í skýrslu gerðarpóla, dags. 5. des. 1957, sem send var Barnaverndarráði Íslands, segja þau, að þar sem þau telja gerðarbeiðanda alls ekki vera færa um að annast drenginn, geti þau ekki fallizt á að láta hann af hendi til gerðarbeiðanda.

Þann 18. janúar 1958 ritaði gerðarbeiðandi Barnaverndarráði Íslands bréf og bað þess, að ráðið veitti henni liðsinni sitt við að ná drengnum aftur til hennar. Á fundi sínum 29. janúar 1958 samþykkti Barnaverndarráð að fela formanni ráðsins að tala við formann Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja og fela honum að tilkynna gerðarpólum þá ákvörðun ráðsins, að drengurinn eigi að fara til móður sinnar, og enn fremur, að formaður Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja skuli aðstoða við flutning barnsins til Reykjavíkur. Barnaverndarráð virðist ekki hafa fylgt eftir þessari ákvörðun sinni, og létu gerðarpólar ekki drenginn af hendi. Barnaverndarráð hefur síðan reynt að koma á sáttum milli aðilja, en án árangurs. Málið hefur verið fyrir ráðinu af og til s.l. þrjú ár. M. a. fór gerðarbeiðandi til Vestmannaeyja að tilhlutan Barnaverndarráðs í apríl 1960 og dvaldist á heimili gerðarpóla í því skyni að umgangast drenginn, en gerðarpólar neituðu að láta drenginn frá sér til gerðarbeiðanda og hafa ávallt neitað því síðan.

Synjun sína á því að láta drenginn af hendi við móður hans byggja gerðarpólar á því, að þau telja hana ekki færa um að annast drenginn að óbreyttum ástæðum, enda telja gerðarpólar drenginn þurfa sérstakrar umönnunar við af heilsufarsástæðum, en þá umönnun geti gerðarbeiðandi ekki veitt drengnum, eins og ástæður hennar séu nú. Gerðarpólar kveða gerðarbeiðanda ekki hafa haft aðstöðu til að hafa drenginn hjá sér, þegar hún kom honum til dvalar hjá gerðarpólum. Gerðarbeiðandi bjó þá í einu herbergi ásamt móður sinni og öðrum syni í íbúð bróður hennar að Melhaga 16, Reykjavík. Segja gerðarpólar, að gerðarbeiðanda hafi ekki þótt unnt að skilja drenginn eftir á þessu heimili á þeim tíma, er hún kom drengnum til þeirra, og telja þau, að ástæður gerðarbeiðanda hafi ekki breytzt að þessu leyti, þótt gerðarbeiðanda standi til boða að búa í hús-næði þessu. Gerðarpólar kveða drenginn alls ekki vilja yfirgefa þau og fara til gerðarbeiðanda, sem þau segja oft hafa sýnt næsta lítinn áhuga á drengnum. Kveða þau drenginn hafa tekið miklu ástfóstri við þau og benda enn fremur á, að drengurinn hafi orðið ofsalega hræddur, er hann hélt, að taka ætti sig af heimili fösturforeldra sinna í apríl 1960, og hafa þau lagt fram í málinu vottorð Einars Guttormssonar læknis þessu til sönnunar. Þá hafa gerðarpólar lagt áherzlu á það, að þau sækist ekki eftir foreldraráðum yfir drengnum, heldur vilji

hafa hann áfram á heimili þeirra, þar sem þau telja það drengnum fyrir beztu.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa komið drengnum í fóstur hjá gerðarþolum 19. júní 1956, þar sem hún gat eigi haft hann hjá sér vegna atvinnu sinnar. Haustið eftir kveðst hún hafa hætt við að taka drenginn til sín, þar sem hún hafði þá eigi hentugt húsnæði. Varð að ráði, að drengurinn varð áfram hjá gerðarþolum. Gerðarbeiðandi kveðst síðan hafa heimsótt drenginn nokkrum sinnum, en tók hann ekki til sín. Í árslok 1957, þegar gerðarbeiðandi hugðist sækja drenginn, kveður hún gerðarþola hafa neitað að fá henni umráð hans, og hafa allar tilraunir gerðarbeiðanda til þess að fá drenginn til sín verið árangurslausar. Gerðarbeiðandi kveðst hafa samastað fyrir sig og drenginn á heimili bróður hennar að Melhaga 16, en gögn málsins bera það með sér, að tveir af meðlimum Barnaverndarráðs Íslands, sem skoðuðu heimili þetta 1958, telja heimilið vera þess umkomið að veita gerðarbeiðanda þá aðstoð, er hún þarfnast til þess, að hún geti haft barnið hjá sér. Kveðst gerðarbeiðandi vera fullfær um að annast drenginn og sjá fyrir honum. Gerðarbeiðandi hefur og bent á ákvörðun Barnaverndarráðs Íslands frá 29. janúar 1958, þar sem ákveðið var, að drengurinn skuli fara til móður sinnar.

Gerðarþolar halda því hins vegar fram, að Barnaverndarráð hafi horfið aftur frá framangreindri ákvörðun sinni, eftir að gerðarþolum hafði gefizt kostur á að útskýra málavexti fyrir ráðinu, en ákvörðun sína um flutning drengsins til gerðarbeiðanda segja gerðarþolar, að Barnaverndarráð hafi tekið, án þess að gerðarþolum gæfist færi á að útskýra sjónarmið sín fyrir ráðinu. Benda gerðarþolar á það, að Barnaverndarráð hafi ekki framfylgt ályktun sinni um flutning drengsins, heldur hafi ráðið reynt að setta málsaðilja, enda 3 ár liðin, síðan ráðið gerði umrædda ályktun.

Að tilhlutan Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja og í samráði við Barnaverndarráð Íslands var óskað eftir áliti Sigurjóns Björnssonar sálfræðings í deilumáli þessu sem sérfræðings í uppeldis- og sálarfræði. Rannsókn þá, er sérfræðingurinn leggur til grundvallar ályktun sinni, framkvæmdi hann í síðustu viku í febrúar 1961.

Að áliti sálfræðingsins er tilfinningalíf drengsins nokkuð viðkvæmt og ört og persónuleiki hans frekar innhverfur, og ætlar

sérfræðingurinn, að drengurinn muni ekki þola vel hnjask eða breytingar á umhverfi eða lifnaðarháttum.

Niðurlag skýrslu sálfræðingsins er svohljóðandi:

„Leitað var álits um, hvort betra mundi vera fyrir Kristján Þór að dvelja áfram hjá afa sínum og ömmu í Vestmannaeyjum eða flytja til móður sinnar í Reykjavík.

Í þessu tilfelli er ákvörðun auðveld. Kristján Þór hefur alizt upp hjá afa sínum og ömmu frá 14 mánaða aldri og þar til nú. Hann virðist hafa þroskzt vel og eðlilega og sýnir engin ein-kenni andlegrar vanheilsu. Hann hefur átt ástríki að fagna, hefur haft góða möguleika til leika og eignzt leikfélaga. Allt bendir til, að hann muni verða vel uppallinn efnispiltur, fái hann að dvelja áfram við óbreyttar aðstæður.

Flytjist hann hins vegar til móður sinnar í Reykjavík, getur sú breyting ekki orðið til batnaðar. Og margt bendir til, að það geti haft mjög svo alvarlegar afleiðingar í för með sér.

1. Drengurinn missir *alla* þá, sem honum eru kærir. Slíkt hlýtur að vera geysimikið áfall fyrir 6 ára barn.
2. Hann fær í staðinn móður og gamla ömmu, sem hann hefur engin tilfinningaleg tengsl við, nema ef vera skyldi neikvæð.
3. Hann flyzt í ókunnugt og mjög ólíkt umhverfi með minni athafnamöguleikum.
4. Telja má víst, að uppeldi hans verði ólíkt því, sem nú er, því að vart getur maður hugsað sér ólíkari konur en Þóru Valdemarsdóttur og Laufeyju Guðmundsdóttur.

Ýmis fleiri atriði mætti telja fram, sem mæla gegn því, að drengurinn skipti um dvalarstað, en þessi eru að mínu áliti þau veigamestu. Ég mæli því eindregið með því, að Kristján Þór verði kyrr hjá fósturforeldrum sínum, og mundi telja aðra ráðstöfun mjög varhugaverða.“

Svo sem fram hefur komið, samþykkti Barnaverndarráð Íslands á fundi sínum 29. janúar 1958, að drengurinn skyldi fara til gerðarbeiðanda, og hafði ráðið áður kynnt sér heimili bróðurur gerðarbeiðanda að Melhaga 16 og talið það fullnægjandi samastað fyrir móður og barn. Hins vegar þykir mega fallast á það með gerðarþolum, að Barnaverndarráð hafi með síðari gjörðum sínum í þessu máli horfið aftur a.m.k. um sinn frá framangreindri ákvörðun sinni.

Umsögn Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja um málið liggur fyrir, og segir þar, að nefndin lýsi einróma samþykki sínu

á ályktun sálfræðingsins um, að drengnum sé það fyrir beztu að vera áfram hjá gerðarpólum á heimili þeirra í Vestmannaeyjum.

Drengurinn Kristján Þór Valdemarsson, sem að vísu er aðeins 6 ára gamall, hefur ákveðið lýst því yfir, að hann vilji eigi fara til móður sinnar, heldur dveljast áfram hjá fósturforeldrum sínum, gerðarpólum, og ótvírætt látið í ljós ótta sinn við slík umskipti. Sálfræðingur, sem athugað hefur drenginn, hefur eindregið mælt með því, að drengurinn verði kyrr hjá fósturforeldrum sínum, og kveðst telja aðra ráðstöfun varhugaverða fyrir drenginn. Samkvæmt gögnum málsins virðist drengurinn búa við hið bezta atlæti á heimili gerðarpóla, og er það viðurkennt af gerðarbeiðanda. Það er og álit réttarins, að ekki sé ástæða til að ætla annað en að gerðarbeiðandi gæti einnig, eins og högum hennar er nú háttað, séð drengnum farborða. Hins vegar telur rétturinn, er öll málsatvik eru virt, ekki annað unnt en taka tillit til framangreindrar álitsgerðar sálfræðingsins, þar sem eindregið er lagzt gegn því, að drengurinn verði tekinn af heimili gerðarpóla, og er álit Barnaverndarnefndar Vestmannaeyja á sömu lund. Með tilliti til þessara aðstæðna og álitsgerða telur rétturinn, að svo komnu máli, ekki fært að taka þá kröfu gerðarbeiðanda til greina, að drengurinn verði með beinni fúgetagerð tekinn frá gerðarpólum og gerðarbeiðanda fengin umráð hans.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.
